

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/11/EB

2002/EES/16/09

frá 14. febrúar 2001

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/96/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra — þar með talið eftirlit með virkni hraðatakmarkunarbúnaðar fyrir atvinnuökutæki(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/52/EB ⁽²⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan bandalagsins ⁽³⁾ var lögboðið að koma fyrir hraðatakmarkunarkerfum (RSL) á tilteknum ökutækjum í flokkunum M3 og N3, af ástæðum er varða öryggi, umhverfisvernd og jöfnun samkeppnisaðstöðu. Uppsetning búnaðarins á þeim ökutækjum, sem heyra undir gildissvið tilskipunarinnar, kom til framkvæmda fyrir 1. janúar 1996.
- 2) Í tilskipun 96/96/EB er þess ekki krafist að framkvæmd sé virkniþrófun á hraðatakmarkunarkerfunum, þ.e. á því hvort búnaðurinn takmarkar hámarkshraða ökutækisins með árangursríkum hætti.
- 3) Í þessari breytingartilskipun er þess krafist að yfirvöldin framkvæmi þrófun sem tryggji að hraðatakmarkunarbúnaðurinn starfi rétt.
- 4) Nú er völ á einföldum, algengum greiningarkerfum sem prófunarstofnanir geta beitt við þrófun langflestra gerða hraðatakmarkunarbúnaðar. Að því er varðar þau ökutæki þar sem tiltækum greiningartækjum verður ekki við komið þurfa yfirvöldin annaðhvort að nýta sér tiltækan búnað frá upphaflegum framleiðanda ökutækjanna eða tryggja að framleiðandinn eða einka-umboðsaðili hans samþykki viðeigandi prófunarvottun.
- 5) Í framtíðinni mun reglubundin sannprófun á því að hraðatakmarkunarbúnaður starfi rétt verða auðveldari að því er varðar ökutæki sem eru búin nýrri gerð skráningarbúnaðar (stafrænum snúningshraðarita) samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98 frá 24. september 1998 um breytingu á reglugerð (EBE)

nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og tilskipun 88/599/EBE um beitingu reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 ⁽⁴⁾. Slíkur búnaður verður í nýjum ökutækjum frá og með árinu 2003.

- 6) Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 8. gr. tilskipunar 96/96/EB og fjallar um aðlögun á tilskipuninni um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 4. undirliður bætist við tölulið 7.10. II. viðauka við tilskipun 96/96/EB:

„- eftirlit með, ef við verður komið, að hraðinn, sem hraðatakmarkunarbúnaðurinn er stilltur á, sé í samræmi við hraðamörkin sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. tilskipunar 92/6/EBE og að hraðatakmarkunarbúnaðurinn komi í veg fyrir að ökutækin, sem um getur í tæðum greinum, fari fram úr fyrir fram ákvörðuðu gildunum.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku tilskipunarinnar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 48, 17.2.2001, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2001 frá 13. júlí 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 47, 20.9.2001, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 142, 5.6.1999, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 57, 2.3.1992, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 274, 9.10.1998, bls. 1.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

framkvæmdastjóri.
